

7. fundur í skólaráði Álfhólsskóla 29. apríl 2011

Mættir. Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Kristján Óli Ingvarsson, Kristófer Eggertsson, Marinó Marinósson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Særún Sigurjónsdóttir og Brynja Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Farið yfir fundargerð 6. fundar og samþykkt með breytingum.

2. Vorhátíð/ Karnival.

Særún ræddi um að félagsmiðstöðin hefði boðið þeim að vera með á uppskeruhátíðinni 18. maí. Það verður Karnival í byrjun júní á vegum skólans. Rætt var um hvort halda ætti þessu aðskildu eða hvort sameina ætti vorhátíð foreldrafélagsins og Karnival dag skólans. Ákveðið að endurskoða að ári að halda eina hátíð, skoða dag og e.t.v. bjóða verðandi 6 ára nemendum á hátíðina. Rætt um að fá nemendur í félagsmálafræði inn í undirbúning og skipulag og einnig um þann möguleika að fá grenndarsamfélagið meira inn í. Hugmynd um að halda þetta á laugardegi í framtíðinni.

3. Særún ræddi um að nemendaráð væri óvirkt. Þetta þarf að endurskoða því að foreldrafélagið vill hafa meira samskipti við ráðið. Engir fundir voru í nemendaráði í vetur og þar sem að þetta er lögbundið þá verðu þetta að vera í lagi. Skýra þarf hlutverk nemendaráðs. Taka þarf ákvörðum í byrjun næsta skólaárs á fundi hjá skólaráði um fundi. Ákveðið var að fá einhvern til að stýra fundi hjá nemendaráði nú í vor.

4. Stiklað á stóru um skólastarf vetrarins og hvað stendur til á næsta ári. Ákveðið var að fara yfir SVÓT greiningu á næsta fundi með skólaráði því að það vantaði Magneu og Össur og Særún fór snemma. Rætt um mismunandi leiðir við SVÓT greiningu til dæmis foreldrar sér/ kennarar sér. Gott að hafa nemendaráð með í SVÓT greiningu.

Rúna Björk Þorsteinsdóttir skráði fundinn.